

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið, samkv. heimild í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., að frá og með 1. maí 1972 skuli innflytjendur vöru, áður en innflutningsskjöl eru afhent tollyfirvöldum til tollmeðferðar, færa tollskrárnúmer binnar innfluttu vöru inn á viðkomandi vörureikning, fyrir framan eða aftan heiti vörunnar.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim aðilum, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 10. apríl 1972.

F. h. r.

Björn Hermannsson.

Dorsteinn Ólafsson.

1. febrúar 1972.

Nr. 93.

REGLUR

um úthlutun styrkja af fé því, er veitt er í fjárlögum 1972 til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.

I. Tilgangur.

1. Tilgangur styrkjanna er:
 - a) að bæta aðstöðu þeirra framhaldsskólanemenda, er verulegan ferðakostnað hafa vegna náms,
 - b) að bæta aðstöðu framhaldsskólanemenda, er verða að dvelja við nám fjarri heimilum sínum, án þess að eiga kost á skólaheimavist.
2. Framhaldsskólar í þessu sambandi eru:
 - a) Gagnfræðastigsskólar ofan skyldunáms.
 - b) Menntaskólar.
 - c) Kennaraskólar.
 - d) Sérnámskólar.

II. Beinir styrkir.

3. Veittir skulu tvenns konar beinir styrkir til framhaldsskólanemenda, — ferðastyrkir og dvalarstyrkir.
4. Ferðastyrkir, allt að þremur fjórðu, eru veittir vegna ferðakostnaðar við tvær ferðir að og frá skóla. — Ferðastyrkir eru miðaðir við áætlaðan ferðakostnað frá lögheimilissveitarfélagi nemanda að skóla. Fyrir skólaárið 1971/72 verða ekki greiddir styrkir vegna ferðakostnaðar, sem er samtals lægri en kr. 1000.00.
5. Dvalarstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dvelja utan heimila sinna, án þess að eiga kost á skólaheimavist. Fyrir skólaárið 1971/72 er hámark dvalarstyrks kr. 1350.00 á mánuði. Miða skal við nauðsynlegan dvalartíma á skólastað vegna námsins, að meðtöldum skólafríum.

6. Við úthlutun dvalarstyrkja koma að jafnaði þeir framhaldsskólanemendur einir til greina, er sækja nám í skóla, er kennir hverjum nemanda að minnsta kosti 30 stundir á viku, og eigi skemur en 24 vikur á skólaári.
7. Njóti nemandi, eða eigi kost námsláns, eða styrks annars staðar að, eða launa án vinnuframlags á skólaárinu, má lækka dvalarstyrk til hans með hliðsjón af því. Þeir, sem rétt eiga á láni og/eða styrk úr lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki styrkja samkvæmt þessum reglum.

III. Skipulagður akstur sveitarfélaga.

8. Skipuleggi sveitarfélag sameiginlegan daglegan akstur framhaldsskólanema sinna að skóla eða skólum, — staðsettum í öðru sveitarfélagi, endurgreiðir ríkissjóður þrjá fjórðu kostnaðar sveitarfélaga, enda hafi menntamálaráðuneytið áður samþykkt aksturinn og greiðslu fyrir hann.

Hafi sveitarfélag skipulagt akstur vegna skyldunámsnema, er sækja daglega skóla staðsettan í öðru sveitarfélagi og geti framhaldsskólanemar nýtt sé þann akstur, skal það heimilt. Sveitarfélög greiða aksturskostnað, en fá hlutfallslega endurgreiðslu úr ríkissjóði samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum.

IV. Úthlutunarnefnd.

9. Menntamálaráðherra skipar úthlutunarnefnd þannig: Ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins og er hann jafnframt formaður nefndarinnar, einn mann án tilnefningar, einn mann samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytis, og tvo menn samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands isl. sveitarfélaga. Hlutverk úthlutunarnefndar er:
 - 1) Að úthluta styrkjum og ákveða endurgreiðslur til sveitarfélaga.
 - 2) Að annast gagnasöfnun varðandi aðstöðumun nemenda til framhaldsnáms.

Menntamálaráðuneytið, 1. febrúar 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.